

6.fundur hreppsnefndar Árneshrepps haldinn mánudaginn 12.maí 2025 kl.14:00. Fundurinn er haldinn á skrifstofu hreppsins í Norðurfirði.

Mætt eru Úlfar Eyjólfsson Krossnesi, Arinbjörn Bernharðsson Norðurfirði 1, Bjarnheiður J. Fossdal Melum 1, Sólveig Rögnvaldsdóttir Melum 2 og Eva Sigurbjörnsdóttir Djúpavík. Halldóra Pálsdóttir hjá Kpmg ehf er með á fundinum vegna síðari umræðu um ársreikningana.

Oddviti ritar fundargerð.

Dagskrá fundarins;

1. Ársreikningar Árneshrepps fyrir árið 2024, síðari umræða.
2. Kaffi Norðurfjörður, umsagnir, samningur og fleira.
3. Skólamálin, umsóknir kennara, samkennsla með Drangnesskóla.
4. Árneshreppur og Kaldrananeshreppur, staðan í dag/framtíðarsýn, óformlegar viðræður um sameiningu. Umboð íbúa frá síðasta íbúafundi. Eru stærri sameiningar valkostur?
5. Skipulagsmál, aðalskipulag og deiliskipulag, fundur byggingar- og skipulagsnefndar varðandi breytingar á deiliskipulagi .
6. Samgönguáætlun 2026-2030, hafnarmál og sjóvarnir.
7. Bréf til innviðaráðherra og þingmanna NV-kjördæmis.

Dagskrá fundarins;

1. Ársreikningar Árneshrepps fyrir árið 2024, síðari umræða. Farið var yfir ársreikninginn eftir þær umbætur sem gerðar voru á milli umræðna, Halldóra fór yfir helstu samantekt og lokatölur reikningum. Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 109 millj. kr. samkvæmt ársreikningi fyrir A og B hluta, en þar af námu rekstrartekjur A hluta 95 millj.kr. Rekstrarniðurstaða A og B hluta var jákvæð um 25 millj. kr. rekstrarniðurstaða A hluta var jákvæð um 26 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok nam 152 millj.kr. samkvæmt efnahagsreikningi fyrir A og B hluta, en eigið fé A hluta nam 149 millj. kr. Lilja Karlsdóttir fór yfir stjórnsýsluskýrslu, farið var yfir ýmis atriði sem varða stjórnun og fjármál.
2. Kaffi Norðurfjörður, umsagnir, samningur og fleira. Oddviti vék af fundi. Hreppsnefnd samþykkti að Hótel Djúpavík fengi að taka Kaffi Norðurfjörð á leigu og ákveðið var að kaupa nýja sjóðsvél fyrir kr. 220.000,- . Hótel Djúpavík/Magnús Karl Pétursson fær enn fremur forgang að rekstrinum fyrir næsta ár. Varaoddvitinn, Arinbjörn Bernharðsson mun sjá um gerð samnings fyrir hönd sveitarfélagsins við leigutaka.
3. Skólamálin, umsóknir kennara, samkennsla með Drangnesskóla. Er eitthvað að fréttu af kennaramálum? Bjarnheiður upplýsti um stöðuna og skóla- og fræðslunefnd heldur áfram

utan um málið.

341.

1. Árneshreppur og Kaldrananeshreppur, staðan í dag/framtíðarsýn, óformlegar viðræður um sameiningu. Umboð íbúa frá síðasta íbúafundi. Eru stærri sameiningar valkostur? Hreppsnefnd Árneshrepps samþykkir að hefja óformlegar viðræður um sameiningu við Kaldrananeshrepp. Þar með fer hreppsnefnd eftir niðurstöðu íbúafundar í Árneshreppi sem haldinn var á síðasta ári.
2. Skipulagsmál, aðalskipulag og deiliskipulag, fundur byggingar- og skipulagsnefndar varðandi breytingar á deiliskipulagi .

A) Tillaga að breytingu deiliskipulags Dranga, sbr. erindi Fornasels ehf. dags. 13. janúar 2025 Tekin fyrir til afgreiðslu eftir auglýsingu skv. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingartillagan felst í breyttum lóðamörkum og stækkun lóða. Heimilt er að byggja allt að 80 fm frístundahús innan byggingarreits á hverri lóð, líkt og í gildandi deiliskipulagi, en auk þess smáhýsi skv. ákvæðum byggingarreglugerðar.

Breytingartillagan var auglýst frá 28. janúar til og með 14. mars 2025. Umsagnir bárust um auglýsta tillögu frá Náttúruverndarstofnun og Minjastofnun Íslands. Engin athugasemd barst frá almenningi. Gerð er grein fyrir efni og viðbrögðum við framkomnum umsögnum í framlögðu minnisblaði Verkís dags. 3. apríl 2025. Lagfæringar voru gerðar á auglýstri breytingartillögunni og sett fram skipulagsákvæði í samræmi við athugasemdir Minjastofnunar.

Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi Dranga sbr. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga.

A) Tillaga að breytingu deiliskipulags Hvalárvirkjunar vegna rannsókna.

Tekin fyrir til afgreiðslu eftir auglýsingu skv. 3. mgr. 41. gr. skipulagaga nr. 123/2010.

Breytingartillagan felur í sér að aðlagða vinnuvegi, efnistökusvæði og starfsmannabúðir að náttúruminum, þ.e. trjábolaförum á svæðinu. Einnig eru sett ákvæði og aðgerðir til að draga úr truflun og neikvæðum áhrifum á nærsamfélagið, svo sem vegna flutninga.

Breytingartillagan var auglýst frá 12. desember 2024 með framlengdum athugaemdarfresti til 28. febrúar 2025.

Umsagnir bárust um auglýsta tillögu frá Náttúrufræðistofnun og Minjastofnun Íslands.

Með framlagðri deiliskipulagsbreytingu er samantekt um umsagnir og viðbrögð dags. 30. apríl 2025. Bætt hefur verið inn umfjöllun og ákvæðum um tilhögun skráningar á láglendi og hálendi vegna Hvalárvirkjunar í greinargerð deiliskipulagsins. Aðrar breytingar hafa ekki verið gerðar frá auglýstri tillögu.

Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi Hvalárvirkjun sbr. 3.

mgr. 41. gr. skipulagslaga.

342.

1. Samgönguáætlun 2026-2030, hafnarmál og sjóvarnir. Lagt fram til kynningar.
2. Bréf til innviðaráðherra og þingmanna NV-kjördæmis. Stuttlega rætt um innihald og ákveðið að senda bréfið með smá breytingum.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 15:50.